

konar kerfum þó þau hafi ekki byrjað á þann hátt upprunalega. En þrátt fyrir alla áherzluna á rétttrúnað og óskeikulleika vissra skoðana hefir sú meðvitund altaf ríkt í hugsun einhverra að trúarbrögðin ættu að vera eitthvað annað meira en þetta. Sagan sýnir að rétttrúnaðurinn einn hefir aldrei fullrægt öllum mönnum. Nokkrir hafa jafnan spurt, til hvers er trúin ef hún ekki hefir þær afleiðingar á mannlífið sjálft, sem að siðferðis-meðvitund mannsins krefur að hún hafi. Að vísu hafa hugmyndirnar, um það, hverjar afleiðingarnar ættu að vera, ekki æfinlega verið réttar, en hver vill samt neita því að þær hafi stefnt í rétta átt? Þetta er pragmatismi í trúarbrögðum, nefnilega að gildi trúarskoðananna sé metið eftir þeim áhrifum, er þær hafa á hvert einstaklingslífi. Um það hver áhrifin séu bezt og heillavænlegust geta orðið skiftar skoðanir, og í því efni getur einskis eins eða fárra manna dómur verið óskeikull. Mannlífsreynslan í heild sinni verður að skera úr því.

Einhver vill nú máske segja að þetta sé ekki réttur mæli kvarði til að meta gildi allra trúarskoðana. Hann vill máske halda því fram, að hann hafi t. d. eina guðshugmynd fremur en aðra, vegna þess, að hann viti að hún sé rétt. En hvernig fer hann að vita að hún er rétt? Hann gæti haldið fram að hann vissi það vegna þess að einhver, sem hann treysti, segði svo, eða vegna þess að hans eigin skynsemi segði honum það. En hvort sem nú er, þá er hans guðshugmynd því aðeins sönn og rétt fyrir hann, að afleiðingar hennar séu sannar og réttar. Ef einhver hefir guðshugmynd, sem engar afleiðingar hefir fyrir líf hans, þá er það sama og hann hafi enga guðshugmynd. En vér megum ekki skilja orðið afleiðingar í þessu sambandi, í of þröngri merkingu. Afleiðingarnar geta verið margháttaðar, en þær verða verulega að eiga sér stað ef hugmyndin á að hafa gildi. Ef þessvegna vér spyrjum hvaða trúarskoðanir séu réttar frá pragmatisku sjónarmiði, þá verður svarið: þær einar sem hafa starfsgildi, „working value,“ eins og próf James segir, í mannlífinu. Án þess eru allar trúarskoðanir, hvað hárréttar sem þær kunna að vera frá hugsanafræðislegu sjónarmiði, alveg eins og lög, sem ekki væru sniðin handa neinu fólki til að breyta